

Föstudaginn 4. mars 1983.
 Nr. 44/1983. **Borgarstjórnin í Reykjavík**
f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur
vegna Strætisvagna Reykjavíkur
 gegn
verðlagsstofnun.

Kærumál. Lögbannstrygging. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Með úrskurði fógetaéttar Reykjavíkur 19. janúar sl. var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að lögbann skyldi lagt við hækkun á fargjöldum Strætisvagna Reykjavíkur, sem borgarstjórn Reykjavíkur hafði ákveðið og tekið hafði gildi 7. janúar.

Í úrskurðinum segir, að lögbannið skuli ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 10.000.000.00 króna tryggingu.

Í þinghaldi í fógetaréttinum hinn 20. janúar lagði umboðsmaður varnaraðilja fram yfirlýsingu fjármálaráðherra um, að ríkissjóður ábyrgðist að fullu greiðslu þeirrar tryggingar, sem sett hefði verið sem skilyrði fyrir framgangi lögbannsins.

Fógeti tók yfirlýsingu þessa gilda sem tryggingu og bókaði ákvörðun sína um lögbann.

Sóknaraðili kærði ákvörðun þessa hinn 25. janúar til Hæstaréttar, og hefur hann krafist þess, að hrundið verði ákvörðun fógeta um að taka fyrrgreinda yfirlýsingu gilda sem tryggingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Athugasemdir hafa ekki borist frá varnaraðilja né fógetaréttinum.

Ákvörðun fógeta um að taka yfirlýsingu fjármálaráðherra gilda sem tryggingu var hluti af lögbannsgerðinni. Lögbannsgerð verður ekki kærð til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Eigi verða kröfur sóknaraðilja heldur teknar til meðferðar samkvæmt lokaákvæði 21. gr., sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar, en ákvæði þetta lýtur að rétti þess, sem telur dómara hafa gert á

hluta sinn í dómarastarfi, til þess að kæra hann fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðilja heimild til kæru þessarar, sem lýst hefur verið, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 19. janúar 1983.

I.

Gerðarbeiðandi, verðlagsstofnun, hefur krafist þess, að lagt verði lög-
bann við hækkun fargjalda Strætisvagna Reykjavíkur, sem borgarstjórn
Reykjavíkur samþykkti að láta taka gildi kl. 0900 7. þ. m.

Hækkunin er:

Fullorðnir:

Einstök fargjöld úr kr. 8.00 í kr. 12.00.

Stór farmiðaspjöld kr. 200.00 úr 32 miðum fækkað í 22 miða.

Lítill farmiðaspjöld kr. 50.00 úr 7 miðum fækkað í 5 miða.

Aldraðir og öryrkjar:

Farmiðaspjald kr. 100.00 úr 32 miðum fækkað í 22 miða.

Börn:

Einstök fargjöld úr kr. 2.00 í kr. 3.00.

Farmiðaspjöld kr. 50.00 úr 44 miðum fækkað í 30 miða.

Gerðarþoli, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, gerir þá kröfu aðallega, að synjað verði um hina umbeðnu lögbannsgerð. Til vara gerir hann þá kröfu, að ef fallist verði á lögbannsbeiðnina, að gerðarbeiðanda verði gert að leggja fram tryggingu eigi lægri en kr. 30.000. 000.00. Krafist er hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Hann gerir svo kröfu um, að forsendur verði hafðar í úrskurði fúgetaréttar, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, 3. tölulið.

II.

Hinn 7. þessa mánaðar tók gildi ný gjaldskrá fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Gjaldskráin var samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur einhliða og án þess að verðlagsráð hefði heimilað hækkun.

Verðlagsstofnun taldi hækkun þessa ólögmæta, og með lögbannsbeiðni, dags. 10. janúar, var farið þess á leit, að fógetaréttur Reykjavíkur legði lögbann við hækkuninni. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag og síðan frestað til 17. janúar. Þá var málinu frestað til næsta dags, og fór þá fram munnlegur flutningur. Að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

III.

Gerðarbeiðandi telur Strætisvagna Reykjavíkur háða lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978, sbr. 2. gr. laganna. Á grundvelli þess hafi Strætisvagnar Reykjavíkur verið bundnir hámarksverði á fargjöldum og hafi síðast verið samþykkt hækkun til þeirra um 22% hinn 15. nóvember sl.

Nú hafi það síðan gerst 7. janúar sl., að borgarstjórn Reykjavíkur hafi hækkað einhliða gjaldskrá SVR án þess að leggja málið fyrir verðlagsráð. Borgarstjórn sem stjórnvald eigi ekki fullnaðarúrlausn í slíku máli vegna ákvæða 2. gr. laga 56/1978.

Gerðarbeiðandi telur sig eiga aðild að þessu máli á grundvelli 2. gr. laga nr. 12/1981. Þar sé einnig lögbannsheimildin, sem hann byggir á, og vísar hann á bug öllum fullyrðingum um, að ákvæðið sé fallið úr gildi vegna tímabundins gildistíma laganna. Sumt í þessum lögum sé að visu látið gilda til ákveðins tíma (5. gr. til 30. apríl 1983), en slíku sé alls ekki til að dreifa með 2. gr. laganna. Ákvæði hennar eigi að gilda um alla framtíð óháð öðrum ákvæðum laganna og sé ætlað að beita gegn ástandsbrotum, eins og brot á verðlagsfyrirmælum verði að kallast.

Gerðarbeiðandi telur hækkun gjaldskrár SVR þann 7. jan. sl. ólögmæta og vill fá lagt lögbann við henni gegn tryggingu. Hann mótmælir aftur á móti þeirri fjárhæð, sem gerðarþoli hefur krafist, þar sem hún miðist við, að engin hækkun verði samþykkt til SVR á árinu. Sú hafi aldrei verið raunin og engin líkindi á því nú á þessu ári.

IV.

Gerðarþoli telur gerðarbeiðanda ekki geta átt aðild að dómkröfu um, að Reykjavíkurborg brjóti gegn lögum með ákvörðun fargjalda SVR. Gerðarbeiðandi sé opinber stofnun, sem starfi eftir lögum og að þeim verkefnum, sem henni eru fengin í lögum og engum öðrum.

Um stofnunina fari eftir lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Gildi III. kafla laganna um verðákvarðanir, sbr. 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979 og 4. gr. laga nr. 52/1982. Hvergi sé vikið að neinum sérstökum aðildum þessara stofnana að réttarvörsluáðgerðum vegna meintra brota á samþykktum um hámarksverð. Í IX. kafla laganna sé fjallað um réttarvörslur og m. a. kveðið á um, að

fara skuli með mál vegna brota á lögunum að hætti opinberra mála. Með þessu fyrirkomulagi laganna er ríkissaksóknara fengin aðild að réttarvörslu-aðgerðum.

Þessi skilningur gerðarþola hefur að hans mati hlotið sérstaka staðfestingu löggjafans í lögum nr. 12/1981, 2. gr., þar sem gerðarbeiðanda er veitt alveg sérstök heimild til að krefjast lögbanns. Ljóst sé, að engin þörf hefði verið á ákvæði 2. gr., ef löggjafinn hefði talið, að verðlagsstofnunin ætti almennt þessa réttarvörsluaðild vegna meintra brota gegn samþykktum verðlagsráðs.

Gerðarþoli telur aftur á móti ekki fá staðist, að krafan sé reist á þessari lagaheimild, þ. e. 2. gr. laga nr. 12/1981, þar sem enginn vafi leiki á, að hún sé fallin úr gildi. Heimildin sé í sérögum um bann við verðhækkunum tiltekið tímabil, sem hafi runnið út 31. des. 1981. Alveg sé af og frá, að þessari sérstöku og sérkennilegu lögbannsheimild hafi verið ætlað að gilda nema vegna verðlagsákvæða 1. gr.

Gerðarþoli álitur, að verði 2. gr. laga nr. 12/1981 talin enn í gildi, þá séu ekki til staðar skilyrði lögbanns skv. lagaákvæðinu, þar sem engin fyrir-mæli rétttra verðlagsyfirvalda hafi verið undanfari lögbannskröfunnar.

Gerðarþoli telur það einnig standa í vegi fyrir kröfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé stjórnvald, sem með ákvörðun um fjárhæð fargjalda með vögnum SVR hafi ekki gert annað en að taka ákvörðun um málefni, sem alveg ótvírætt heyri undir stjórnvaldið.

Gerðarþoli telur alveg ótvírætt, að heimild verðlagsráðs til ákvarðana um hámarksverð skv. 8. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 4. gr. laga nr. 52/1982, sé takmörkuð við ákvarðanir um hærra verð en það lágmarksverð, sem þarf til, að vel rekin starfsemi standi undir sér.

Kröfu sína um tryggingu, ef lögbann nær fram að ganga, styður gerðarþoli þeim augljósu rökum, að lögbann við hækkun á fargjöldum SVR, sem þegar er komin til framkvæmda, mundi hafa í för með sér gífurlegt fjárhagstjón fyrir Reykjavíkurborg og lægsta hugsanlega tryggingarfjárhæð hlýtur því að miðast við tekjumissi vegna lögmannsins árið 1983, en samkvæmt útreikningum borgarhagfræðings gæti hann numið kr. 28.976.000.00.

V.

Í máli þessu er lögbanns beiðst á grundvelli 2. gr. laga nr. 12/1981, en þar er gerðarbeiðanda óvefngjanlega veitt aðild að þessu fógetamáli.

Ýmislegt virðist benda til þess, að lögunum hafi verið ætlaður tímabundinn aldur. Frumvarp laganna var lagt fram með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin ákvað í áætlunum sínum um efnahagsmál um áramótin 1980 til 1981. Þriðju og fjórðu grein laganna er sjáanlega ekki ætlað sjálf-

stætt lagagildi eftir 31. desember 1981, og var svo einnig um 5. grein laganna í frumvarpsforminu. Í meðförum Alþingis var þeirri grein breytt á þá lund, að heimild Seðlabanka Íslands til ákvörðunar hærri bindiskyldu en í lögum nr. 13/1979 var framlengd frá 31. des. í frumvarpinu til 30. apríl 1983 í lögnum. 5. grein laganna er því tvímælalaust í gildi.

Af greinargerð laganna kemur fram, að fyrstu tvær greinar þeirra lúti að verðlagsmálum og felist í fyrri greininni tvær reglur um verðlagsaðhald. Annars vegar, að á tímabilinu 30. apríl 1981 til 31. desember 1981 skuli ekki leyfa neinar verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn, hins vegar skuli að öðru leyti miða verðákvæðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið, sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Ríkisstjórnin setji þannig fram ákveðna stefnuviðmiðun fyrir almennar verðlagsbreytingar, en einstakar verðákvæðanir geti vikið þar frá, ef nauðsyn krefji. Þessar tvær reglur virðast eiga við um sama tímabilið, þ. e. til 31. des. 1981.

Af framansögðu sést, að allar greinar laganna utna 2. grein segja sjálfar til um gildistíma sinn. Lögnum sjálfum er aftur á móti ekki ákvarðaður nein takmarkaður gildistími, og þau hafa ekki verið felld úr gildi með sérstakri löggjöf.

Af orðalagi 2. greinar laganna verður ekki séð, að þeirri grein sé einungis ætlað að tryggja, að ákvæði 1. greinar séu virt og gildistími þeirra því samofinn. Greinargerð laganna virðist ekki styðja þá niðurstöðu, þar sem af henni má ráða, að tilgangur 2. greinar sé að styrkja verðlagseftirlitið almennt og auðvelda framkvæmd þess.

Niðurstaða réttarins verður skv. þessu sú, að lögbannsákvæði 2. gr. laga nr. 12/1981 sé í gildi.

Samkvæmt III. kafla laga 18/1949 eru mjög þröngar heimildir til að beita lögbanni gegn athöfnum þeirra, sem fara með framkvæmdarvald ríkis og sveitarfélaga. 2. gr. laga nr. 12/1981 felur aftur á móti ekki í sér sömu takmarkanir. Styðst slík túlkun á hugtakinu aðili við verðlagslög nr. 56/1978, 1. mgr. 2. gr., þar sem fram kemur, að þau lög nái jafnt til opinberra aðilja. Verður því ekki álitaefni í máli þessu, hvort athöfn, sem beiðst er lögbanns á, sé þess eðlis, að leggja megí lögbann við henni skv. 2. málsl. 26. gr. laga 18/1949, enda segir í 2. mgr. 2. gr. laga 12/1981, að III. kafla laga 18/1949 skuli beitt um lögbann skv. þeim lögum eftir því sem við á.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er talinn lagagrundvöllur fyrir lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda, og þar sem ekki er útilokað, að hann eigi þau réttindi, sem hann hyggst verja með lögbanni, verður beiðni hans tekin til greina gegn tryggingu, sem telst hæfilega ákveðin kr. 10.000.000.00.

Málkostnaðarkrafa gerðarþola í máli þessu er ekki tekin til greina.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögmann skal ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 10.000.000.00 kr. tryggingu.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 7. mars 1983.

Nr. 51/1983. **Douglas Kintzinger**

gegn

Knattspyrnufélaginu Fram.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1983, sem barst Hæstarétti 24. s. m. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1983 um skyldu sóknaraðilja til þess að setja 25.000.00 króna tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli, er sóknaraðili hefur höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðilja á hendur sóknaraðilja um skyldu til þess að setja málskostnaðartryggingu þessa. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst sóknaraðili lækkunar á fjárhæð tryggingar og nýs frests til þess að leggja trygginguna fram.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Þórhildur Línadal, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Úrskurðinum fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40 gr. laga nr. 28/1981.

Úrskurðarorðið er þannig:

„Stefnandi, Douglas Kintzinger, setji 25.000.00 króna tryggingu